

Miðvikudaginn 10. janúar 1996.

Nr. 9/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Hálfðáni Ingasyni

Kærumál. Viðurlagaákvörðun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. desember 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. janúar 1996. Kærð er viðurlagaákvörðun 8. nóvember 1995 á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í 2. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst ónýtingar hinnar kærðu ákvörðunar, svo að vísa megi málinu heim í hérað til dómsmeðferðar að nýju.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Hinn 23. október 1995 gaf lögreglustjórinn í Reykjavík út ákæru á hendur varnaraðila „fyrir að aka bifreiðinni KD-032 að kvöldi sunnudagsins 3. september 1995 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti um Hverfisgötu og Nóatún í Reykjavík að Brautarholti, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn“. Í ákæru er brotið talið varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Var þess krafist, að varnaraðili yrði dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. og 102. gr. sömu laga, sbr. 25. gr. og 26. gr. laga nr. 44/1993.

Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur 8. nóvember 1995, og viðurkenndi varnaraðili þar háttsemi þá, sem honum var gefin að sök í ákæru. Lagði sækjandi til, að málinu yrði lokið samkvæmt heimild í 124. gr. laga nr. 19/1991, sem varnaraðili féllst á og dómari samþykkti. Ákvað dómari þau viðurlög á hendur varnaraðila, að hann greiddi 60.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna, en sætti ella varðhaldi í 12 daga, jafnframt, að varnaraðili greiddi 4.940 krónur í sakarkostnað.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðila gekkst hann undir dómsátt vegna umferðarlagabrots 8. ágúst 1984, 8.000 króna sekt og svipt-

ingu ökuleyfis í 12 mánuði. Þá hefur varnaraðili tvívegis hlotið refsisdóma vegna umferðarlagabrota, í fyrra sinn 24. nóvember 1986, 24.000 króna sekt og sviptingu ökuleyfis ævilangt, og hið síðara 23. apríl 1990, 75.000 króna sekt og sviptingu ökuleyfis ævilangt.

Í 1. mgr. 101. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. gr. laga nr. 44/1993, segir, að svipta skuli mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, sem ökuskírteini þarf til, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur slíks ökutækis eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns varhugavert, að hann stjórni vélknúnu ökutæki. Svipting ökuréttar skal vera ævilangt, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað öðru sinni, en hún felur í sér sviptingu réttar samkvæmt ökuskírteini og réttar til að öðlast ökuskírteini, sbr. 2. mgr. og 3. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt framangreindu má ætla, að skilyrði hefðu verið til að svipta varnaraðila enn ökurétti ævilangt. Sú ákvörðun héraðsdómara að ljúka málinu án þeirra viðurlaga verður hins vegar ekki talin slík, að hún sé fjarstæð í merkingu 2. mgr. 124. gr. laga nr. 19/1991. Eru því ekki efni til að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun skal vera óröskuð.
